

árin eftir lögbirtingu dóms þessa og greiði aðalstefnanda fyrrgreindar bætur ásamt vöxtum og málskostnaði.

Aðalstefnandi, Jón Viðar Viggósson, hefur gerzt sekur um líkamsárás, en ákvörðun refsingar skal frestað og hún niður falla, ef aðalstefnandi gerist ekki sekur um nýtt brot næstu tvö árin eftir lögbirtingu dóms þessa.

Framangreind ummæli í greinargerð Gústafs A. Sveinsonar hæstaréttarlögmanns í gagnsök skulu vera ómerk.

Miðvikudaginn 27. apríl 1966.

Nr. 17/1966. **Pétur Gauti Hermannsson**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking og frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson borgarfégeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. febrúar 1966. Hefur honum verið veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið, synjað verði um framgang hins krafða lögtaks og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað að fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að úrskurður fégeta verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í bréfi Hagstofu Íslands, dags. 12. apríl 1966, segir svo: „Samkvæmt beiðni upplýsist hér með, að Pétur Gauti Hermannsson, f. 26/6 1933, hefur haft aðsetur án lögheimilis á Drápuhlíð 21, Reykjavík, frá 20/5 1964, en lögheimili í Skriðuhreppi Eyjafjarðarsýslu, og er hann skráður svo enn.“

Í 30. gr. laga nr. 51/1964 um tekjustofna sveitarfélaga segir: „a. Hvert sveitarfélag leggur útsvar á sína íbúa, sbr. 13. gr. laga nr. 35/1960 um lögheimili . . . j. Eigi verður útsvar lagt á aðila nema í einu sveitarfélagi á sama ári . . .“ Voru ákvæði þessi fyrst lögtekin með 30. gr. laga nr. 69/1962. Ákvæði 13. gr. laga nr. 35/1960, sem 30 gr. laga nr. 51/1964 vísar til, hljóðar svo: „Samkvæmt tilkynningum þeim, sem berast samkvæmt 12. gr., og öðrum þeim gögnum, sem um er rætt í 7. gr. laga nr. 31 27. marz 1955, um þjóðskrá og almannaskráningu, skal þjóðskráin árlega gera íbúaskrá fyrir hvert sveitarfélag eftir því, hvar hver einstaklingur á lögheimili, sbr. 13. gr. laga nr. 31/1956“. Í 12. gr. laga nr. 35/1960 segir: „Ákvæði laga nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningu aðsetursskipta, skulu gilda um breytingu á lögheimili samkvæmt þessum lögum, eftir því sem við á“. Þá mælir 14. gr. sömu laga svo: „Nú leikur vafi á um lögheimili manns samkvæmt lögum þessum, og skal þá leita úrskurðar dómara. Rétt er þjóðskránni, aðila sjálfum svo og sveitarfélögum, er málið varðar, að beiðast rannsóknar og úrskurðar um lögheimili, en dómari fer með málið að hætti opinberra mála“. Af samanburði á 30. gr., stafliðum a og j, laga nr. 51/1964 og 13. gr. laga nr. 35/1960, sem nefnd 30. gr. vísar til, er ljóst, að leggja skal útsvar á einstakling hvern í sveitarfélagi því, þar sem hann er á íbúaskrá þjóðskrár, og að við það verði að sitja, unz fyrir liggur úrskurður dóms í máli, höfðuðu samkvæmt 14. gr. laga nr. 35/1960, um, að lögheimili manns sé í öðru sveitarfélagi en þjóðskráin telur. Þar sem slík dómsúrlausn er eigi fyrir hendi að því er áfrýjanda varðar, verður að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framgang lögtaksins.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma stefnda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, til ríkissjóðs, kr. 1.400.00, og málflutningslaun, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað að lögtaks.

Stefnandi, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, til ríkissjóðs, kr. 1.400.00, og laun talsmanns áfrýjanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 6. janúar 1966.

Gerðarþola, Pétri Gauta Hermannssyni, Drápuhlíð 21 hér í borg, var gert að greiða hér við aukaálagningu opinber gjöld fyrir ár 1965 samkvæmt gjaldseðli nr. 7095—1738 að fjárhæð samtals kr. 5.075.00, er sundurliðast þannig:

Tekjuútsvar	kr. 5.000.00
Kirkjugarðsgjald	— 75.00

Þar eð gerðarþoli hefur eigi greitt gjöld þessi, hefur gjaldheimtustjórinn f. h. Gjaldheimtunnar í Reykjavík krafizt þess, að þau verði innheimt með lögtaki.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu lögtaksgerðar, þar eð hann telur, að hann hafi eigi verið gjaldskyldur hér umrætt tímabil og að umkrafin gjöld hafi því ranglega verið á hann lögð hér.

Kveðst gerðarþoli frá því ár 1940 og síðan hafa átt lögheimili að Lönguhlíð í Skriðuhreppi í Eyjafjarðarsýslu, en hafa komið þaðan hingað til borgarinnar í janúarmánuði 1964. Hafi hann skömmu síðar farið að vinna hér og hér hafi hann haft atvinnu síðan, enda haft hér allan umræddan tíma herbergi á leigu og haft hér mestallar tekjur sínar. Hann kveðst þó um 3ja mánaða skeið sumarið 1964 hafa verið heima hjá sér í Lönguhlíð. Gerðarþoli kveðst hafa talið fram til skatts í Skriðuhreppi tekjur sínar á árinu 1964, enda hafi honum verið gert að greiða þar öll opinber gjöld fyrir ár 1965, er hann hafi að fullu greitt.

Gerðarbeiðandi hefur haldið fast við kröfu sína um lögtak, og hafa aðiljar lagt málið undir úrskurð réttarins.

Samkvæmt framanskraðu er það upplýst í máli þessu, að gerðarþoli, sem á þeim tíma, er hér skiptir máli, átti skráð lögheimili að Lönguhlíð í Skriðuhreppi, kom hingað til borgarinnar í janúarmánuði 1964, hefur haft hér herbergi á leigu síðan og haft hér atvinnu sína, enda haft hér mestallar tekjur sínar á umræddum tíma, þó að hann að vísu hafi dvalizt um 3ja mánaða skeið að Lönguhlíð sumarið 1964. Rétturinn lítur svo á, að gerðarþoli hafi með framangreindri dvöl sinni og atvinnu hér orðið

gjaldskyldur hér, að því er umkrafin gjöld varðar, samkvæmt 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 35/1960 um lögheimili, sbr. a-lið 30. gr. laga nr. 51/1964 um tekjustofna sveitarfélaga, og að gjöld þessi hafi því réttilega verið á gerðarþola lögð hér. Þykir því verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fimmtudaginn 28. apríl 1966.

Nr. 128/1965. **Hilmar Garðars** (Gunnar Guðmundsson hrl.)
 gegn
Sambandi íslenzkra samvinnufélaga
 (Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking og frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1965. Gerir hann þær dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjandi dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að honum verði dæmd sýkn af kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi.

Áfrýjandi, sem ekki sótti dómþing í málinu í héraði, byggir ómerkingar- og frávísunarkröfu sína á því, að honum hafi eigi verið löglega birt héraðsdómsstefna í máli þessu, en í birtingarvottorði stefnuvotta á héraðsstefnu segir, að laugardaginn 5. júní 1965, klukkan 1336, „birtum við undirritað-